

AUGLÝSING

um niðurfellingu samkomulags við Rúmeníu um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 25. maí 1990 var 1. gr. samkomulags milli Íslands og Rúmeníu frá 1. apríl 1969 um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana felld niður til bráðabirgða, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1969 þar sem samkomulagið er birt. Niðurfellingin gildir ekki um handhafa diplómatiskra vegabréfa.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

Breytingar frá 28. september 1970 á stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar frá 26. október 1956 öðluðust gildi 1. júní 1973, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1972 þar sem breytingarnar eru birtar. Þær tóku við af breytingu á stofnskránni sem samþykkt var á 5. aðalfundi stofnunarinnar 4. október 1961 og öðlaðist gildi 31. janúar 1963, en staðfestingarskjal Íslands vegna hennar hafði verið afhent bandaríska utanríkisráðuneytinu 13. ágúst 1962.

Breyting frá 27. september 1984 öðlaðist gildi 28. desember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1987.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamninga nr. 2, 3 og 5 við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Viðbótarsamningar nr. 2 og 3 frá 6. maí 1963 við Mannréttindasáttmála Evrópu frá 4. nóvember 1950 öðluðust gildi 21. september 1970. Viðbótarsamningur nr. 5 frá 20. janúar 1966 öðlaðist gildi 20. desember 1971. Viðbótarsamningarnir eru birtir í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1967.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.